

Skólaping – niðurstöður

Hér fyrir neðan er búið að taka saman helstu niðurstöður Skólapingis sem haldið var í Grunnskóla Hornafjarðar 20. nóvember 2019

1. Hvernig gæti heimurinn orðið betri eða hvað þyrfti að laga í heiminum?

Í flestum bekkjum töldu nemendur mesta vanda jarðarinnar liggja í mengun, hlýnun jarðar og plastnotkun. Hugmyndir þeirra að lausnum fólust meðal annars í að útbúa kynningarefni sem nota mætti í fræðslu fyrir nemendur skólans og fyrir íbúa almennt á Hafnarhittingi. Þá töldu nemendur að virkja mætti betur umhverfisteymi skólans og ungmennaráð til að vinna gegn þessum þáttum. Almennt töldu þau að við mættum hjóla og ganga meira og fjölga rafmagnsbílum, ættum að gróðursetja fleiri tré, tína oftar rusl en hætta líka að henda rusli nema í ruslafötur, flokka ruslið betur, nota meira fjölnota poka, minnka notkun á einnota plasti og nota plast á betri hátt, endurnýta föt og dót og minnka matarsóun.

Þá töldu nemendur fátækt vera mikið vandamál í heiminum og að við þyrftum að koma í veg fyrir hana. Það gætum við gert með því að taka þátt í söfnunum, halda fjáraflanir, taka þátt í Unicef hlaupinu og setja föt í Rauða krossinn.

Að lokum töldu nemendur að stríð og brot gegn mannréttindum væru mikið vandamál í heiminum.

Það yrði að stöðva stríð það væri mikilvægt að halda frið við önnur lönd, bera virðingu fyrir öllum og taka á móti flóttamönnum. Mörgum nemendum voru almenn mannréttindi ofarlega í huga og töldu að það ætti t.d. að passa betur upp á börn, taka þátt í bréfamaraþoni Amnesty, tala máli minnihlutahópa eins og t.d. samkynhneigðra, þeirra sem ekki komast í skóla og þeirra sem verða fyrir einelti. Það væri mikilvægt að fræða börn og fullorðna um réttindi fólks.

Lausnir sem giltu fyrir alla þessa þætti voru t.d. að virkja betur umhverfisteymið og ungmennaráð, efla fræðslu og að gott væri að biðja forsetann um hjálp.

2. Hvað mætti betur fara í okkar samfélagi?

Aftur voru umhverfismál efst á baugi hjá öllum aldursflokkum þegar kom að því hvað mætti betur fara í okkar samfélagi. Til að bæta umhverfismál í sveitarfélaginu töldu þau að við ættum að flokka ruslið okkar betur, ekki henda rusli úti, fá fleiri ruslatunnur og banna plastpoka. Þá töldu nemendur mikilvægt að fjölga göngu- og hjólastígum og þeir ættu líka að vera úti í sveit. Þá töldu nemendur að við gætum tínt oftar rusl en að við ættum líka að skora á aðra vinnustaði að tína rusl. Þá fannst þeim mikilvægt að tæma RKÍ gáminn oftar, að það mættu vera fleiri fatamarkaðir og að við ættum að skora á matsölustaði að vera umhverfisvænni. Að lokum fannst nemendum að það mætti vera meira framboð af umhverfisvænum vörum í sveitarfélaginu. Töldu þeir m.a. upp taubleyjur, túrnærbuxur, fjölnota dömubindi, endurnýtanlegan bökunarpappír, fjölnota bómullarskífur og lífræna hundakúkapoka.

Nemendur okkar töldu líka að það mætti efla félagslífið í bænum okkar. Það mætti t.d. vera „drive in“ bíó eða bíó í Sindrabæ mánaðarlega, kaffihús og bakarí, bingó og svo töldu nemendur að það ætti að halda opinn fund þar sem bæjarbúar gætu mætt til að koma hugmyndum sínum á framfæri og segja skoðun sína.

Einnig var rætt um íþróttamál og fannst þeim að það þyrfti að bæta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu koma með innisundlaug, fjölga og bæta leikvelli og styðja betur við heilsueflandi samfélag. Nemendur komu með ýmsar hugmyndir um hvað mætti vera á leikvöllum t.d. rólur, klifurgrindur, rugguhestar, rennibrautir, sandkassar, kastalar og fleira. Til að ná þessum markmiðum þyrfti að tala við bæjarstjórn og Sindra og að það væri mikilvægt að tala við fólk sem stjórnar og láta í okkur heyra. Það ætti t.d. ekki að leyfa öllum að kaupa orkudrykki.

Að lokum vildu margir nemendur að íbúum myndi fjölga, framboð af húsnæði yrði aukið í sveitarfélaginu og að samgöngur yrðu betri, t.d. að einbreiðum brúm yrði fækkað og sett upp umferðarljós. Til að ná þessum markmiðum væri mikilvægt að tala við bæjarstjórn og biðja hana að bregðast við.

3. Það sem betur mætti fara í Grunnskóla Hornafjarðar?

Matarmál voru nemendum ofarlega í huga þegar kom að því hvað mætti betur fara í skólanum. Elstu nemendurnir vildu að við myndum endurskoða regluna um drykki. Þeim finnst sjálfsagt að banna orkudrykki og gos en að ávaxtasafar og boost sé í lagi. Þá fannst nemendum mikilvægt að fá að koma skilaboðum til Stjána t.d. með því að fá að svara spurningakönnun eftir mánuðinn um það hvernig þeim fannst maturinn, að það ættu að vera óskamáltíðir, það ætti að vera nægur matur og einu sinni í mánuði ætti að vera eftirmatur. Svo sögðu þau að þau gætu líka minnkað matarsóun með því að fá sér minna í einu.

Að fjölga útileiktækjum og íþróttatímum var einnig ofarlega í huga hjá nemendum. Yngri nemendurnir vildu fjölga útileiktækjunum t.d. fá fleiri rólur og hafa val um meiri afþreyingu í frímínútum á meðan eldri nemendurnir vildu fjölga íþróttatímum. Þau töldu að til þess að koma þessu áfram væri mikilvægt að tala við bæjarstjórnann, skólastjórnann og skólaráð. Reyndar vildu þau líka minnka lætin á göngunum í skólanum og sögðu að þau yrðu að passa sig sjálf en gætu kannski líka fengið hjálp frá kennurunum við það.

Eldri nemendurnir töldu að það mætti bæta búnaðinn í skólanum og efla upplýsingaflæði.

Upplýsingaflæði væri hægt að bæta með því að setja um tilkynningaskjá í skólanum þar sem fram kæmi t.d. hverjir ættu afmæli, hvað væri í matinn og margt fleira. Hvað búnaðinn varðar þá töldu nemendur um að borð og stólar pössuðu ekki alltaf saman, hátalarar og tölvur væru oft í ólagi o.s.frv.

Þá töldu nemendur að námið mætti vera betra. Að það ætti að vera meiri möguleiki að fá að gera eitthvað áhugavert þegar maður er búinn að vinna verkefni eða áætlun en ekki bara að fá fleiri verkefni. Sumir nemendur þyrftu líka erfiðara nám á meðan aðrir þyrftu léttara, að allir starfsmenn skólans ættu að virða nemendur og svo væri gott ef skólinn byrjaði seinna. Nemendur töldu mikilvægt að þeir myndu ræða við kennara og skólastjórnann um þessi mál.

Að lokum fannst nemendum að bókasafnið mætti vera betra. Þar vantaði fleiri bækur og að krakkarnir ættu að fá að koma með hugmyndir um hvaða bækur væru pantaðar inn.